



Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra 2009

Sigurjón Þórðarson
Sauðárkróki
júní 2010

Starfsskýrsla HNV 2009

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra er starfrækt á vegum sveitarfélaganna á Norðurlandi frá og með Siglufirði í Fjallabyggð í austri og vestur til Bæjarhrepps á Ströndum. Ekki er enn ljóst hvort Fjallabyggð muni halda áfram samstarfi um rekstur og starfrækslu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra eða fara undir starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra á Akureyri. Fjallabyggð hefur gert samning um að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hafi með höndum eftirlit á Siglufirði til næstu áramóta en þeim samningi skal segja upp með 6 mánaða fyrirvara. Það er ekkert launungarmál að vera Fjallabyggðar innan Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra skiptir máli fyrir rekstur embættisins og er það ósk að áframhald verði á góðu samstarfi við íbúa Fjallabyggðar.

Verkefni heilbrigðiseftirlitsins snúa að fjölmörgum þáttum undir yfirstjórn tveggja ráðuneyta, umhverfisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir þættir sem lúta yfirstjórn umhverfisráðuneytisins eru einkum á sviði umhverfismála, hollustuhátta og öryggismála. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn matvælaþáttarins. Tvær ríkisstofnanir sjá um samræmingu og yfirumsjón með samræmingu heilbrigðiseftirlitsins og er það annars vegar Umhverfisstofnun (UST) sem heyrir undir umhverfisráðherra og hins vegar Matvælastofnun sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur átt ágæta samvinnu við framangreindar stofnanir. Það er engu að síður þörf á að endurskoða verkaskiptingu stofnananna og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Ekki urðu neinar breytingar á starfsmannamálum Heilbrigðiseftirlitsins á árinu en hjá embættinu eru rúmar 2 stöður heilbrigðisfulltrúa og gegndu þeim Sigríður Hjaltadóttir og Steinunn Hjartadóttir í hlutastörfum og Sigurjón Þórðarson í fullu starfi.

Hefðbundin verkefni heilbrigðiseftirlitsins eru að stórum hluta í föstum skorðum sem felast m.a. í því að heimsækja starfsleyfisskylda starfsemi og halda skrá yfir fjölmarga þætti, einnig að taka sýni til þess að sannreyna að t.d. neysluvatn uppfylli kröfur reglugerða. Fyrir utan framangreinda þætti sem eru í föstum skorðum koma inn á borð heilbrigðiseftirlitsins fjölmörg verkefni sem sum hver koma í ákveðnum bylgjum, sem stjórnast stundum af því sem efst er á baugi hverju sinni.

Það fer drjúgur tími heilbrigðisfulltrúa í umsagnir um teikningar af fyrirhuguðum breytingum á stofnunum og fyrirtækjum. Sömuleiðis er útgáfa á leyfum og skýrslugerð til ríkisstofnana tímafrek og ýmislegt utanumhald um pappíra og gögn í samræmi við góða stjórnsýslu

Umhverfismál

Vatnatilskipun Evrópusambandsins

Drjúgur hluti reglna sem heilbrigðiseftirlitinu er ætlað að framfylgja á ættir sínar að rekja beint til Evrópusambandsins. Eitt af því sem var ofarlega á baugi á árinu 2009 var vinna við innleiðingu vatnatilskipunar Evrópusambandsins. Vatnatilskipuninni er ætlað að koma á samþættingu stofnananna og koma á heildstæðum ramma. Núverandi stjórnsýsla vatnamála hér á landi er nú einkum í höndum þriggja ráðuneyta og stofnana þeirra auk sveitarfélaga og

heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Seinni hluta árs 2007 var vatnatilskipun sett inn í EES-samninginn, en á árinu 2008 voru fyrstu drög lögð að því hvernig stjórnýslan myndi haga þeirri vinnu. Undirbúningur fór síðan á fulla ferð á árinu 2009 og var framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra í einum vinnuhópi sem hafði það að markmiði að skilgreina svokölluð vatnshlot og tengja við fyrirliggjandi upplýsingar um mengun og vatnafar. Það er mikilvægt að koma að vinnu sem þessari á frumstigum og að sjónarmið þeirra sem starfa í dreifbýli hjá minni embættum komi strax fram. Það er ljóst að stilla verður í hóf kröfum til fámennra sveitarfélaga um rannsóknir og víðtæka vöktun á vatni sem er innan viðkomandi sveitarfélaga. Þetta á við um fleiri þætti sem varða reglur um umhverfismál en á árinu árinu 2009 var framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlitsins kosinn í stjórn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða sem fær mál og lagafrumvörp til umsagnar. Í þeirri vinnu hafa samtökin átt einkar árangurs- og ánægjuríkt samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fyrir liggur að gæði og magn vatns á Íslandi er með besta móti og ástand þess stöðugt. Það má því fyrirfram ætla að ekki þurfi að ráðast í mikinn kostnað til þess að bæta úr eða viðhalda umhverfismarkmiðum sem Evróputilskipunin setur. Engu að síður má búast við einhverjum stjórnýslu- og vöktunarkostnaði við að koma upp á fót sérstökum vatnastjórnunarsvæðum. Í frumvarpi að stjórn vatnamála er gert ráð fyrir sérstöku vatnaráði fyrir landið en landinu er síðan skipt upp í sérstök vatnasvæði. Ekki er ljóst hvernig landinu skuli skipt upp í vatnasvæði en hugmyndir eru uppi um að eitt svæði verði fyrir Norðurland vestra og Vestfirði.

Númerslausar bifreiðar og drasl inni á lóðum

Heilbrigðiseftirlitið hafði afskipti af nokkrum aðilum sem söfnuðu númerslausum bílum og járnarusli við og inni á lóðum í þéttbýli. Yfirleitt berast kvartanir frá nágrönnum um uppsöfnun á bílhraejum og númerslausum bílum sem eftirlitið reynir að bregðast við. Oftar en ekki hafa þeir sem kvartað er undan reynt vel á þolmörk og langlundargeð nágranna. Forsenda þess að ná árangri í hreinsun á lóðum og lendum er að eiga gott samstarf við sveitarstjórn þegar komið er að því að hreinsa lóðir á kostnað eigenda.

Aukin nýting lífræns úrgangs

Á Norðurlandi vestra hafa á umliðnum árum verið stigin mikilvæg skref í endurnýtingu lífræns úrgangs, s.s. með nýtingu í loðdýrafóður, kítósanframleiðslu og svo jarðgerð. Förgun slógs hefur verið til vandræða þar sem erfitt getur verið að safna því saman til frekari vinnslu eða förgunar nema að gerðar séu sérstakar ráðstafanir þar sem meltingarensím eru snögg að láta til sín taka. Fyrirtækið Siglól á Siglufirði hefur hafist handa við að vinna verðmæti úr slóginu og ef vel tekst til er von til þess að vandamál sem fylgja förgun slógs heyri að mestu sögunni til. Það sem ekki nýtist af slógi mætti t.d. leyfa að hakkað yrði niður og veitt út í fráveitukerfi.

Ýmsar bollaleggingar eru uppi um frekari nýtingu á lífrænum úrgangi, s.s. til eldsneytisframleiðslu og próteinvinnslu úr mjólkurmýsu.

Urðun

Innan tíðar mun nýr urðunarstaður í landi Sölvabakka í Austur-Húnavatnssýslu leysa af hólmi nokkra urðunarstaði á Norðurlandi vestra sem ekki uppfylla núgildandi kröfur.

Heilbrigðisefirlitið telur það ágalla að ekki skuli verða leyft að urða sláturúrgang á nýjum urðunarstað en samningur Norðurár bs. við landeigendur kveður á um að ekki verði leyfilegt að urða sláturúrgang. Það rýrir augljóslega notagildi svæðisins.

Helsta kvörtunarefni íbúa á svæðinu vegna urðunar sorps er lyktarmengun frá sláturúrgangi sem fargað er við Draugagil á Blönduósi. Það er mjög bagalegt ef mikil fjárfesting til framtíðar leysir ekki úr helsta umkvörtunarefni íbúa.

Þetta verður til þess að sóttmengaður sláturúrgangur verður ekki urðaður á svæðinu en í stað þess verður áfram urðað á umdeildum stöðum og úrgangurinn fluttur á milli sýslna. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að sóttmengudu úrgangi, s.s. riðusmituðu fé, verði fargað með færanlegum brennslustöðum, en líkur eru á að bið verði á kaupum á brennslustöðinni og riðufé verði áfram urðað.

Æskilegt væri ef hægt verður í framtíðinni að nýta fyrirhugaðan urðunarstað fyrir allan úrgang sem fellur til á Norðurlandi vestra

Fjöldi gjaldskyldra fyrirtækja 2009

eftir atvinnustarfsemi

Vatnsveitur	108
Framleiðsla og pökkun	14
Flutningsaðilar	5
Stóreldhús	64
Smásalar	31
Gististaðir	72
Hársnyrtistofur	15
Aðrar snyrtistofur	7
Íþróttahús og sundstaðir	15
Tannlæknastofur	5
Skólar	13
Leikskólar	11
Loðdýrabú	6
Vinnsla á fiski	21
Trésmíðaverkstæði	10
Verkstæði, bílar, vélar	28
Bensínstöðvar	16
Annað	119

Fyrirtæki alls: 560

Matvælaeftirlit

Umfang eftirlits með neysluvatni er umtalsvert hjá Heilbrigðiseftirlitinu enda eru vatnsveitur fjölmargar sem þarf að fylgjast með og sömuleiðis er umtalsverð matvælaframleiðsla á Siglufirði, Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga sem krefst staðfestingar og vottunar á að vatnsveitur uppfylli skilyrði reglugerða og sömuleiðis erlendra kaupenda. Óstaðfestur grunur kom upp um að matarsýking hefði stungið sér niður á svæðinu og eitt fyrirtæki var svipt starfsleyfi.

Ástand matvælafyrirtækja er almennt mjög gott og felst eftirlitið m.a. í því að halda uppi fræðslu fyrir starfsfólk og yfirfara innra eftirlit og að þrifaáætlun sé framfylgt. Á árinu 2009 voru haldnir fjölmargir fræðslufundir inni í fyrirtækjum fyrir starfsfólk og er það mat Heilbrigðiseftirlitsins að fræðslan skili miklum árangri í að bæta öryggi og gæði matvæla.

Á síðasta ári var talsverð umræða um heimavinnslu matvæla og sölu matvæla beint frá býli. Mikill vilji hefur komið fram hjá stjórnámálamönnum um að greiða leið fyrir sölu heimaunninna matvæla til neytenda. Gjarnan er talað um að aukin heimavinnsla matvæla sé einn af vaxtarsprotum dreifbýlisins sem muni m.a. styðja við bakið á ferðaþjónustu og gera hana fjölbreyttari. Það hefur valdið ákveðnum vandkvæðum fyrir Heilbrigðiseftirlitið að ekki hafa orðið teljandi breytingar á reglum og leiðbeiningum sem snúa að því hvaða umgjörð eigi að setja um heimavinnslu matvæla.

Rannsóknarniðurstöður 2009

	Alls:	Fullnægjandi	Ófullnægjandi
Neysluvatn	127	102	25
Baðvatn	5	3	2
Mjólkurvörur	3	3	
Matvara	2	2	
Ís úr vél	6	3	3

Heilbrigðisnefnd

Í lögnum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, er í 11. gr. ákvæði um heilbrigðisnefndir: „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin **eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði**. Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður ...“ Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina til viðbótar.

Á árinu 2009 var heilbrigðisnefnd skipuð eftirfarandi fulltrúum:

Ágúst Þór Bragason, Blönduósi, formaður,
Elínborg Hilmarsdóttir, Skagafirði, varaformaður,
Sigríður Björnsdóttir, Skagafirði,
Þórarinn Hannesson, Siglufirði,
Ína Björk Ársælsdóttir, Hvammstanga, meðstjórnandi,
Steinar Svavarsson, fulltrúi atvinnurekenda.

Árið 2009 voru haldnir sex stjórnarfundir. Á árinu voru samþykkt 54 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra sem er svipaður fjöldi og á árinu 2008.

Fjármál eftirlitsins

Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra nær frá Bæjarhreppi til Siglufjarðar að báðum stöðum meðtöldum eins og fyrr greinir. Íbúafjöldi á starfssvæðinu 1. desember 2007 var 8819 en 1. desember 2008 var fjöldi íbúa 8734 og því hefur fækkað um 85 frá 1. desember 2007.

Fjöldi fyrirtækja á Norðurlandi vestra

	2000	2005	2006	2007	2008	2009
Bæjarhreppur	5	8	13	12	12	9
Húnavatnshreppur		38	49	47	49	49
Húnaþing vestra	73	96	98	100	100	102
Blönduós	45	52	55	54	55	56
Skagabyggð		3	8	8	8	8
Höfðahreppur	27	30	33	32	30	31
Skagafjörður	191	262	244	234	234	237
Akrahreppur	4	12	16	14	13	13
Siglufjörður	63	60	60	57	54	55
Alls:	408	561	576	558	555	560

Við gerð reikninga fyrir árið 2009 kom í ljós að tap varð af rekstri Heilbrigðiseftirlitsins að fjárhæð 540.110 kr. Tapið skýrist af því að launanevnd sveitarfélaga gerði kjarasamninga við Félag íslenska náttúrufræðinga í lok árs 2008 um kjarasamninga sem tóku gildi í ársbyrjun 2009, en Heilbrigðiseftirlitið fékk ekki tilkynningu um þá fyrr en í lok ársins. Kjarasamningurinn varð til þess að gjöld eftirlitsins hækkuðu um 980.000 kr.

Júní 2010
Sigurjón Þórðarson
framkvæmdastjóri